



Minnisblað

Viðtakandi: Formaður umhverfis- og skipulagsráðs
Sendandi: Skrifstofa stjórnsýslu og gæða - lögfræðideild
Dagsetning: 3. júní 2025
Efni: Reglur um framkvæmd sprenginga á vegum verktaka á Blómavalsreit

Minnisblað þetta er tekið saman að beiðni umhverfis- og skipulagsráðs. Tekin verða til helstu ákvæði og reglur er varðar framkvæmd sprenginga á vegum verktaka á Blómavalsreit.

1. Byggingarreglugerð nr. 112/2012

Í 4.11.3. gr. byggingarreglugerðar er fjallað um öryggismál á byggingarvinnustöðum. Þar segir meðal annars í 3. mgr. að byggingarstjóra og iðnmeisturum sé skylt að sjá um að sem minnst hætta, óþrífnaður eða önnur óþægindi stafi af framkvæmdinni og að viðhafðar séu fyllstu öryggisráðstafanir, eftir því sem að aðstæður leyfa. Við öryggisráðstafanir á vinnustað skal bæði taka tillit til starfsmanna á svæðinu og annarra sem kunna að koma á vinnustaðinn.

Byggingarfulltrúi, sem útgefandi byggingarleyfis, hefur eftirlit með því að byggt sé í samræmi við samþykkt hönnunargögn, lög og reglugerðir sem um mannvirkjagerðina gilda, sbr. 16. gr. laga um mannvirki.

2. Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Markmið reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Í 9. gr. er fjallað um hávaða vegna framkvæmda og segir m.a. í 2. mgr. ákvæðisins að framkvæmdaraðili skuli kynna fyrir íbúum nærliggjandi svæða með sannarlegum hætti um háværar framkvæmdir, s.s. byggingar, gröft, sprengingar og gatnagerð á íbúðarsvæðum eða nágrenni þeirra, áður en framkvæmd hefst. Fram skuli koma tímalengd framkvæmdar, hvaða þættir hennar séu líklegir til að valda ónæði og hvenær unnið verði að þeim þáttum.

Í reglugerðinni eru framkvæmdaaðilum sett tímamörk um hvenær sólahringsins er leyfilegt að vinna að háværum framkvæmdum við íbúðasvæði og dvalarrými. Eins og fram kemur í töflu hér að neðan má ekki hefja háværar framkvæmdir fyrr en kl. 07:00 á virkum dögum og kl. 10:00 um helgar. Þeim verður að vera lokið kl. 21:00 á virkum dögum og kl. 19:00 um helgar. Ef um sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir er að ræða mega þær hefjast kl. 07:00 á virkum dögum og verður þá að vera lokið kl. 19:00. Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir eru óleyfilegar um helgar.



Tafla IV. Mörk fyrir hávaða vegna framkvæmda.				
			Upphaf framkvæmda	Lok framkvæmda
Íbúðasvæði, nágrenni þeirra og dvalarrýma þjónustustofnana þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	Háværar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	21:00
		Helgar og almennir frídagar	10:00	19:00
		Aðrir dagar	Ekki heimilt	
Sérstaklega hávaðasamar framkvæmdir	Virkir dagar	7:00	19:00	
		Aðrir dagar	Ekki heimilt	

Heilbrigðisnefndir skulu hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hávaða undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Ef framkvæmdir leiða til hávaða umfram leyfileg mörk getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða eftir þörfum samkvæmt 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar.

Ef framkvæmdaraðili brýtur í bága við ákvæði reglugerðarinnar og fylgir ekki tilmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili gripið til aðgerða, eins og að veita framkvæmdaraðila áminningu, stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða lagt á dagsektir, allt að 500.000 kr. á dag, uns úr hefur verið bætt, sbr. 12. gr. reglugerðarinnar.

Það skal tekið fram að þó að það hafi farist fyrir að kynna framkvæmdina sbr. 9. gr. reglugerðarinnar, verður það ekki talið hafa áhrif á gildi byggingarleyfis þótt rétt hefði verið að kynna nærliggjandi íbúum framkvæmdina sérstaklega, sbr. 2. mgr. 9. þar sem eftirlits samkvæmt reglugerðinni er ekki hjá byggingarfulltrúa heldur er það hjá heilbrigðisnefnd eins og áður segir.

3. Takmarkanir á losun bergs í jarðvinnu lóða/borgarlands fyrir byggingarframkvæmdir í þéttri byggð innan lögsögu Reykjavíkurborgar¹

Í reglum Reykjavíkurborgar um takmarkanir á losun bergs í jarðvinnu lóða/borgarlands fyrir byggingarframkvæmdir í þéttri byggð innan lögsögu Reykjavíkurborgar, eru sett þrengri tímamörk fyrir sérstaklega hávaðasamar jarðvegsframkvæmdir heldur en í reglugerð um hávaða nr. 724/2008, en í framangreindum reglum er heimilt að standa í slíkum framkvæmdum frá kl. 08:00 til kl. 18:00. Jafnframt kemur fram í reglunum að sprengiframkvæmdir í jarðvinnu innan fyrirliggjandi byggðar borgarinnar eru aðeins heimilar með bylgjuhraða 15mm/sek að hámarki og 10 Hz að lámarks tíðni og skulu gildi mæld við lóðamörk framkvæmda næst sprengistað.

Þess má jafnframt geta að í gangi er vinna við að taka saman kröfur til verktaka og þjónustuaðila á vegum Reykjavíkurborgar er varðar meðal annars hávaða þar sem áherslan er að draga úr umhverfisáhrifum frá rekstri og framkvæmdum.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Bjarki Freyr Arngrímsson,
lögfræðingur
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/takmarkanir_fyrir_sprengingar_og_losun_bergs_0.pdf